

Reglur um skráningu, hönnun og frágang borhola og skil á upplýsingum um borholur til Orkustofnunar

1. gr. Markmið

Markmið reglna þessara er að skilgreina aðferðir og skyldur við skráningu, hönnun, tilkynningu, borun og frágang á borholum samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 (auðlindalög).

2. gr. Tilgangur

Tilgangur með setningu reglna þessara er að auka öryggi borverka, örugga nýtingu borhola og tryggja örugga lokun og frágang þeirra eftir að nýtingu er lokið.

Þá er tilgangur reglnanna að bæta skráningu borhola í því skyni að stuðla að markvissu eftirliti með rannsóknum og nýtingu auðlinda í jörðu.

3. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um borholur sem boraðar eru vegna rannsókna og/eða nýtingar á auðlindum í jörðu, í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga samkvæmt ákvæðum auðlindalaga.

4. gr. Skilgreiningar

Auðkennisnúmer: Einkvæmt númer borholu sem Orkustofnun úthlutar.

Auðlindir: Með auðlindum er átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem kunna að finnast við borun, sbr. 1 gr. auðlindalaga.

Ábyrgðaraðili: Handhafi rannsóknar- eða nýtingarleyfis, landeigandi eða annar aðili sem áformar jarðborun. Komi annar aðili fram fyrir hönd handhafa nýtingarleyfis eða landeiganda starfar hann í umboði og samkvæmt ábyrgð hins fyrrnefnda.

Borhola: Hvers kyns hola sem boruð er í jörðu í þeim tilgangi að rannsaka eða nýta auðlindir.

Borholuskrá: Rafræn skráning allra borhola á Íslandi ásamt öllum tiltækum upplýsingum um borverk, nýtingu, mælingar o.fl.

Borverk: Borun borholu, einnig nefnt jarðborun í reglum þessum, frá því að borunin hefst og þar til henni er lokið. Dýpkun og hreinsun borholu telst einnig borverk. Ef nýr bor kemur á holuna er það skilgreint sem nýtt borverk og skal þá fylla aftur út nýtt eyðublað fyrir þann bor.

Borverktaki: Aðili sem tekur að sér borverk og hefur til þess tilskilin leyfi, þ.m.t. starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Eðlisástand: Hitastig og þrýstingur sem ríkir á viðkomandi svæði.

Nafn holu: Nafn sem borholu er gefið til viðbótar auðkennisnúmeri. Nafnið er frjálst val en það markast þó af þeirri hefð að fela í sér bókstafi og raðnúmer (dæmi: HB-01, KI-10, S-1 o.fl.) í samræmi við aðstæður, kennileiti, holuraðir og jafnvel gælunöfn.

5. gr.

Tilkynning um borverk

Áður en borverk hefst skal ábyrgðaraðili borholu senda tilkynningu til Orkustofnunar um fyrirhugaða borun og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna hennar. Fylla skal út Eyðublað nr. 1 – Tilkynning um borverk (sjá viðauka við þessar reglur) og er aðgengilegt hjá Orkustofnun.

6. gr.

Skráning borholu

Við móttöku tilkynningar um borverk úthlutar Orkustofnun borholu einkvæmu auðkennisnúmeri og skráir holuna í Borholuskrá. Ábyrgðaraðila skal tilkynnt um skráningu og hvert auðkennisnúmer er eigi síðar en tveimur vikum eftir að tilkynning berst. Jafnframt skal Orkustofnun upplýsa ábyrgðaraðila, og eftir atvikum landeiganda ef hann er ekki ábyrgðaraðili, um þau skilyrði sem eiga við um jarðboranir, gagnaskil, varðveislu berg- og jarðvegssýna og þau skilyrði önnur sem Orkustofnun telur nauðsynleg, sbr 4. og 17. gr. auðlindalaga.

7. gr.

Gagnaskil um borun

Við lok borverks skal ábyrgðaraðili skila til Orkustofnunar eyðublaði nr. 2 – Gagnaskil um borun fyrir hverja holu eigi síðar en fjórum vikum eftir að borverki lýkur. Eyðublaðið er í viðauka við þessar reglur og er aðgengilegt hjá Orkustofnun. Ef verðmæt jarðefni finnast við jarðborun skal þegar í stað tilkynna það til Orkustofnunar.

8. gr.

Tilkynning um varanlega lokun borholu

Sé borholu lokað varanlega, sbr. 13. gr., skal tilkynna það til Orkustofnunar. Eyðublað nr. 3 – Tilkynning um varanlega lokun borholu - er í viðauka við þessar reglur og er aðgengilegt hjá Orkustofnun.

9. gr.

Borholuskrá og upplýsingaréttur

Orkustofnun heldur skrá um borholur á Íslandi. Skráin skal gerð aðgengileg almenningi á vef stofnunarinnar. Ábyrgðaraðili getur óskað eftir trúnaði á skilaskyldum gögnum til sex mánaða í senn í að hámarki fimm ár utan þess sem fram kemur á eyðublaði 1 (sbr. 5 gr). Sýna þarf fram á hvaða viðskiptahagsmunir eða samkeppnissjónarmið liggja að baki til að hægt sé að veita trúnað hverju sinni, sem einvörðungu er veittur í sérstökum tilfellum.

10. gr.

Hönnun á borholum

Hönnun borhola skal byggð á hönnunarforsendum, sem taka mið af öryggissjónarmiðum og líklegum áhrifum á umhverfi. Dæmi um slíkar forsendur eru: hæð grunnvatnsborðs, gæði grunnvatns, efnainnihald, gerð og eðli jarðlaga, lekastaðir og hvernig eðlisástand breytist með dýpi. Við

hönnun á borholum skal fylgja viðurkenndri aðferðafræði. Dæmi um slíka aðferðafræði eru gefin í leiðbeiningum við reglur þessar og birtar á vefsvæði Orkustofnunar. Ábyrgðaraðili skal geta lagt fram viðeigandi gögn, geta útskýrt hönnun holunnar og hvernig hún uppfyllir hönnunarforsendur.

Við hönnun á borholum skal, þar sem það á við, tryggja að ekki verði blöndun annars vökva við grunnvatn.

11. gr.

Borverk

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á borun. Borun skal hagað þannig að hún takmarki sem minnst frekari nýtingu síðar. Gæta skal fyllsta öryggis við borverk og búnaður skal taka mið af eðlis- og efnaástandi þess kerfis sem borað er í. Við borun skal leitast við að minnka umhverfisáhrif borverks eins mikið og unnt er og að tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.

Borverktaki skal halda borskýrslu um borun hverrar holu og henni skal skilað til ábyrgðaraðila að borun lokinni samanber eyðublað nr. 2 fyrir gagnaskil um borun til Orkustofnunar, sbr. 7. gr.

12. gr.

Frágangur borholu

Að borun lokinni skal gengið frá borholu og holutoppi með tryggum hætti þannig að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns. Þá skal gengið frá næsta umhverfi með það fyrir augum að dregið sé úr slyshættu fyrir fólk og dýr eftir því sem kostur er.

Skráður ábyrgðaraðili borholu ber ábyrgð á frágangi borholu og viðhaldi hennar meðan á notkun hennar stendur. Skyldur ábyrgðaraðila haldast þar til borholu hefur verið lokað varanlega eða eignarhald, eða önnur skilgreind yfirráð yfir henni, hafa verið færð á nýjan aðila með sannanlegum hætti.

13. gr.

Varanleg lokun borholu

Við lok notkunar borholu skal gengið frá holunni og holutoppi á viðunandi hátt svo tryggt sé að holan sé þétt og þar með endanlega lokað. Þar sem fóðringar eða annar búnaður er skilinn eftir í borholu ber að merkja holustaðsetningu með varanlegum hætti sbr 3. mgr. 24. gr. auðlindalaga: „Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi eða eigandi þeirra loka þeim og merkja.“

Í tilkynningu um varanlega lokun borholu til Orkustofnunar, sbr. 8 gr. (eyðublað nr. 3), skal lýsa hvernig holu var lokað, hvort fóðringar eða annar búnaður hefur verið skilinn eftir og hvernig gengið var frá holutoppi og yfirborði eftir lokun, ásamt merkingum ef við á.

14. gr.

Upplýsingagjöf og þjónustugjald Orkustofnunar

Orkustofnun skal veita aðgengi að grunnupplýsingum um skráðar borholur. Greiða skal þjónustugjald fyrir ítarlegri upplýsingar samkvæmt gjaldskrá.

15. gr.
Lagaheimildir og gildistaka

Reglur þessar eru settar með vísan til heimilda Orkustofnunar til að setja skilyrði varðandi boranir sbr. 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 10. gr., 14. gr., 18. gr., 24 gr. og 35. gr. auðlindalaga. Þá eru reglurnar settar að teknu tilliti til 3. og 6. tölul. 1. mgr. og 6. mgr. 2. gr. laga um Orkustofnun nr. 87/2003.

Reglur þessar taka gildi við útgáfu.

Reykjavík, 28. október 2019

Guðni A. Jóhannesson

orkumálastjóri

Viðaukar:

Leiðbeiningar með Reglum um um skráningu, hönnun og frágang borhola og skil á upplýsingum um borholur til Orkustofnunar.

Eyðublað 1 vegna tilkynningar um borun ásamt leiðbeiningum.

Eyðublað 2 fyrir gagnaskil um borun ásamt leiðbeiningum.

Eyðublað 3 vegna tilkynningar um varanlega lokun borholu ásamt leiðbeiningum.